8 13. jan. Til skýringar hef jeg samið eptirritað ágripsyfirlit yfir eptirlaunin eins og þau mundu verða eptir lagafrumvarpi því, er hjer ræðir um, í samanburði við eptirlaun hinna almennu eptirlaunalaga (lögin frá 1855).

| | 1 Flokkur. | | 2 Flokkur. | | 3. Flokkur. | | 4. Flokkur. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1855 | 1897 | 1855 | 1897 | 1855 | 1897 | 1855 | 1897 |
| eptir 2 ára þjónustu yrðu eptirlaunin | 360 kr. | 400 kr. | 340 kr. | 380 kr. | 300 kr. | 340 kr. | 260 kr. | 300 kr. |
| — 4 — — — — | 360 — | 440 — | 340 — | 420 — | 300 — | 380 — | 260 — | 340 — |
| — 6 — — — — | 570 — | 480 — | 510 — | 460 — | 450 — | 420 — | 390 — | 380 — |
| — 9 — — — — | 760 — | 540 — | 680 — | 520 — | 600 — | 480 — | 520 — | 440 — |
| — 15 — — — — | 950 — | 660 — | 850 — | 640 — | 750 — | 600 — | 650 — | 560 — |
| — 19 — — — — | 950 — | 740 — | 850 — | 720 — | 750 — | 680 — | 650 — | 640 — |
| — 25 — — — — | 1140 — | 860 — | 1020 — | 840 — | 900 — | 800 — | 780 — | 760 — |
| — 30 — — — — | 1266 2/3 — | 960 — | 1133 1/3 — | 940 — | 1000 — | 900 — | 866 2/3 — | 860 — |
| — 35 — — — — | 1266 2/3 — | 1060 — | 1133 1/3 — | 1040 — | 1000 — | 1000 — | 866 2/3 — | 960 — |

Í yfirlitinu eru lögin frá 1855 einkennd með »1855«, og lagafrumvarpið með »1897«. Hjer er að eins tekið tillit til fastra embættistekna en eigi aukatekna. Þótt hinn umræddi útreikningur á eptirlaununum mundi gjöra það að verkum, að eptirlaun lækna yrðu yfirleitt lægri en eptir lögunum frá 1855, get jeg þó eigi álitið að lækkunin sje svo mikil, að lagafrumvarpið fyrir því geti talizt óaðgengilegt.

En það gæti aptur á móti verið varhugavert að koma inn í löggjöfina þessum nýju ákvæðum um eptirlaun, því að umgetið ákvæði í lagafrumvarpi þessu verður að skoðast sem einn liður í tilraunum alþingis til þess að lækka, að minnsta kosti að nokkru leyti, framvegis öll eptirlaun, sbr. brjef ráðaneytisins frá 8. nóvbr. 1883, 10. nóvbr. 1894 og 31. desbr. f. á., einkum þar sem alþingið í ár hefir samþykkt lagafrumvarp um eptirlaun alveg samhljóða lagafrumvörpum um sama efni frá 1893, 1895. Það er við því búið, að staðfesting hins umrædda ákvæðis um eptirlaun lækna mundi síðarmeir verða notuð sem ástæða til að fá löggilt samskonar ákvæði fyrir aðra embættismenn. En með því að lækkunin mundi venjulega snerta að eins þá embættismenn, er hærri launin hafa, eins og tekið er fram í brjefi ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894, mundi slík ástæða þó ekki hafa við mikil rök að styðjast.

Með þessum athugasemdum skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að leggja mín beztu meðmæli með því, að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á lagafrumvarpi því, er hjer um ræðir, með því að það bæði gjörir eptir atvikum viðunanlega skipun á læknahjeruðunum og hefir í sjer fólgnar miklar bætur á kjörum læknastjettarinnar, enda hefi jeg enga von um að nokkuð ynnist með því að leggja málið aptur fyrir alþingi.

9

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1897.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1897, B. 3. bls.): | | | |
| a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 102. . . | kr. | 30100,00 | |
| b. lán gegn fasteignarveði . . . . . | — | 4780,00 | |
| c. óborgaðir vextir . . . . . . . | — | 40,00 | |
| d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — | 496,71 | kr. 35416,71 |
| | | Flyt: | kr. 35416,71 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Flutt: kr. | 35416,71 9 |
| 2. ársvextir: | | | |
| a. af innritunarskírteini til $^{11}/_{6}$ og $^{11}/_{12}$ '97 . | — 1053,50 | | |
| b. af lánum gegn fasteignarveði til $^{11}/_{6}$ '97 . | — 196,20 | | |
| c. af fje í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ '97 . . | — 27,52 | — | 1277,22 |
| | | Samtals: kr. | 36693,93 |

Útgjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Styrkur til búnaðarskólans á Eiðum . . . . . . | | kr. | 884,00 |
| 2. Sjóður í árslok: | | | |
| a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 102 . . | kr. 30100,00 | | |
| b. lán gegn fasteignarveði . . . . . | — 4900,00 | | |
| c. óborgaðir vextir . . . . . . . | — 20,00 | | |
| d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — 789,93 | — | 35809,93 |
| | | Samtals: kr. | 36693,93 |

Landshöfðinginn yfir Íslandi,
Reykjavík 6. janúar 1898.
**Magnús Stephensen.**

## Reikningur 10

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs W. Fischers árið 1897.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1896 B, 4. bls.): | | | |
| a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 373 . . | kr. 20000,00 | | |
| b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — 248,33 | kr. | 20248,33 |
| 2. Ársvextir: | | | |
| a. af innritunarskírteini til $^{11}/_{6}$ og $^{11}/_{12}$ '97 . | — 700,00 | | |
| b. af fje í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ '97 . . | — 9,04 | — | 709,04 |
| | | Samtals: kr. | 20957,37 |

Útgjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Styrkur veittur samkvæmt stofnunarskrá sjóðsins . . | | kr. | 700,00 |
| 2. Borgun fyrir auglýsingar . . . . . . . . . | | — | 7,00 |
| 3. Sjóður í árslok: | | | |
| a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 373 . . | kr. 20000,00 | | |
| b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . | — 250,37 | — | 20250,37 |
| | | Samtals: kr. | 20957,37 |

Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Reykjavík 7. janúar 1898.
**Magnús Stephensen.**